

þega, sbr. 52. gr., þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun, sbr. 51. gr., eða þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

**um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1985.

1. Í stað „735 kr.“ í 2. másl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 1500 kr.
2. Í stað „122 058 kr.“ í 3. másl. 1. tölul. 1. mgr. komi: 224 100 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

**um breyting á lögum nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá
skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 131/1984, orðist svo:

Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 45 900 kr. á ári hjá hverjum manni eða 91 800 kr. hjá hjónum.